

Ed.

50. Frumvarp til laga

[46. mál]

um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Ný grein, sem verður 14. gr. laganna, orðist svo:

Skylt er að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kaup-tilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skjöl þessi. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma.

2. gr.

Ný grein, sem verður 15. gr. laganna, orðist svo:

Ákvæði laga þessara ná einnig til kaupa og sölu skráningarskyldra skipa, sbr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53 1970.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Málarekstur vegna fasteignaviðskipta hefur farið mjög í vöxt á undanförnum árum vegna þess hve slæga hefur oft og tíðum verið gengið frá sölu og skjala-gerð. Svonefndum fasteignafirmum fjölgar stöðugt. Sölumenn sumra þeirra annast viðskiptin að öllu leyti, þannig að hinn raunverulegi réttihafi kemur þar hvergi nærri, enda stundum um opinberan embættismann að ræða, jafnvel dómara. Í öðrum tilvikum liggur fyrir, að raunverulega stendur enginn réttihafi á bak við fasteigna- viðskipti, þrátt fyrir daglegar auglýsingar í blöðum, sem almenningur treystir.

Frv. þetta er lagt fram til þess að bæta úr því ófremdarástandi, sem nú ríkir í þessum málum.

Vafi hefur þótt leika á því, hvort lög um fasteignasölu nái yfir kaup og sölu á skráningarskyldum skipum. Í slíkum viðskiptum er þó oft um mikla hagsmuni að tefla og vandasama samningagerð. Það virðist því einsýnt, að því sé slegið föstu að sömu reglur gildi um kaup og sölu skráningarskyldra skipa sem um fasteignir.